

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2021-2022

Flutt á aðalfundi félagsins 24. febrúar 2022
53. starfsári að ljúka

Við höldum að starfsárið 2020 hefði verið undarlegt, en við náðum þó að halda UTmessuna fyrir fullum sal af fólki þá, en fljótlega var allt sett í lás og hefur verið þannig síðan. Hefur þetta ástand litað allt starf okkar síðan. Við höldum þó 24 viðburði á síðasta starfsári. Sumir voru haldnir á staðnum með hefðbundnum hætti. Meðan aðrir voru haldnir með fjarfundafyrirkomulagi, eins og UTmessan. Mikið hefur mætt á þeim Arnheiði og Lindu, þar sem þær hafa þurfta stokka upp viðburðaplanið hvað eftir annað. Markmið okkar hefur samt sem áður verið óbreytt, að halda úti öflugri og faglegrri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Eftir fækkun á árunum fyrir 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. En síðustu tvö ár hafa verið okkur áskorun. Okkur hefur fækkað úr 1.138 árið 2019, í 1.069 2020 og síðan var aðeins fækkun til viðbótar árið 2021 en við erum núna 1.037. Kynjahlutfallið er enn svipað eða 66% karlar og 34% konur, við þurfum að hvetja konur til að skrá sig í félagið. Ástæða þessarar fækkunar er að öllu líkindum Covid og sparnaðaraðgerðir því tengt.

Líklega eru persónuverndarlögin enn að hafa áhrif á póstlista Ský, því það er töluverð fækkun í heildartengslaneti Ský, en tengslanetið telur um 4.230 aðila núna. Félagið er þrátt fyrir þetta á góðum stað framtíðin er björt.

Stjórn Ský á starfsárinu 2020-2021

Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður
Dagbjartur Vilhjálmsson, varaformaður
Kristján Ólafsson, gjaldkeri
María Dís Gunnarsdóttir, ritari
Aðalheiður Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
Kristjana Björk Barðdal, meðstjórnandi
Jón Ingi Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 7 bókaða stjórnarfundum langflesta á Teams vegna aðstæðna. Að auki voru nokkrir vinnufundir bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

Ráðstefnur og fundir

Þrátt fyrir heimsfaraldurinn, áhrif hans á viðburðahald á árinu, stóð Ský fyrir 24 viðburðum. Stærstur hluti þeirra fór fram í gegnum streymisbúnað. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir liðna viðburði er að finna á vefsíðu félagsins (<https://www.sky.is/index.php/vidhburdhir>). Reynt var að miða við hógværa og sanngjarna verðlagning á rafræna viðburði, til að hafa upp í streymikostnað. Góð aðsókn var almennt á alla viðburði ársins.

UTmessan hefur ekki enn verið haldin en gert var ráð fyrir að hún væri dagana 4-5 febrúar síðastliðinn, en henni var frestað til 25. maí vegna aðstæðna í samfélaginu. Verður hún haldin á Grand hóteli og er það von okkar að hún verði hin glæsilegasta sem fyrr.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

Á árinu 2019 voru UT verðlaunin stækkuð með því að bæta við nýjum flokkum. Nýju flokkarnir eru „UT-Stafræn þjónusta“, „UT-Sprotinn“ og „UT-Fyrirtækið“.

UT verðlaunin 2020 hafa ekki enn verið afhent þar sem UTMessunni hefur verið frestað til 25. maí.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og siðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í nóvember. Efnistökblaðsins í ár var „Samskipta- og afþreyingarmiðlar“. Blaðið var sem áður sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála birtir nýja grein vikulega og má finna á vef félagsins (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfelli lykklaborðið) og rita greinar.

Orðanefnd

Orðanefnd hefur starfað að nýju síðasta starfsár og hefur unnið ötullega að því að safna saman efni sem er til hér og þar með nýjum hugtökum sem búið er að þýða en er ekki að finna í Tölvuorðasafninu en það er nú hluti af Íðorðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og eru komnar um 100 nýjar þýðingar á hugtökum þangað inn á árinu. Mikill hugur er í fólki og samstarfvið milli ólíkra aðila sem vinna við og koma að þýðingum á hugtökum í tölvugeiranum og er Orðanefndin á fullu að bæta inn nýjum þýðingum og safna saman hugtökum sem á eftir að þýða.

Siðanefnd

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu árin og er það svo í systurfélögum okkar í Evrópu. Þar er unnið að því að auka samstarf milli tölvufélaga og hafa sameiginlegar siðareglur og hefur sú vinna gengið hægar en til stóð en þó enn í gangi.

Faghópar

Þrátt fyrir einhverja fækkun í félaginu þá er einhver vöxtur í meðlima í faghópunum okkar, flestir hópa bæta aðeins við sig sem er mjög gott.

Starf faghópanna var á líðandi ári jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar eru nú 161 en voru síðast 163.
- Öldungadeild, félagar eru nú 70 en voru 69.
- Fjarskiptahópur, félagar eru núna 169 en voru 157.
- Öryggishópur, félagar eru núna 257 en voru 248.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar eru núna 216 en voru 199.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar eru núna 211 en voru 217.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar eru núna 221 en voru 208.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar eru núna 202 en voru 198.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar eru nú 187 en voru 176.
- Faghópur um hagnýtingu gagna, félagar eru núna 89 voru 68.

Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský og varamaður Jónas Sturla Sverrisson.

Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvugeirann, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools. Þar hefur sterklega komið fram að öll Evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur. DiversIT sáttmálinn er nýjasta afurð CEPIS og komum við að gerð verkefnisins frá upphafi og þekkjum það vel.

Skýrslutæknifélag Íslands (The Icelandic Computer Society) fékk fyrst allra í heiminum GULL aðild að "DiversIT charter" sáttmálanum á vegum CEPIS í maí 2021. Við gætum ekki verið stoltari af því að vera land nr. 2 sem fær fulla aðild en Tyrkland fékk BRONS aðild árið 2019. Þetta er gífurleg viðurkenning á starfsemi félagsins og okkar áherslum að hafa fjölbreytileika að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Félagið mun vinna áfram að því að auka hag fyrirtækja í tölvu- og tæknigeiranum með það markmið að ýta undir fjölbreytileika með því meðal annars að fjölga konum og ungu fólki í tæknistörfum. Félagið gerir ráð fyrir að seinna á árinu geti það tekið við umsóknum frá íslenskum fyrirtækjum sem vilja vera með í sáttmálanum.

Bebras

Vikuna 8. – 12. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Bebras áskorunin er alþjóðleg verkefni sem kannar rökhugsun og tölvufærni með því að láta þátttakendur leysa krefjandi og skemmtileg verkefni. Það kostar ekkert að taka þátt og hvetjum við alla skóla landsins til að vera með. Bebraser keyrt samhliða í flestum löndum í byrjun nóvember ár hvert. Ísland hefur tekið þátt í Bebras áskoruninni með góðum árangri frá árinu 2015 og tóku 24 skólar og 2.102 nemendur þátt árið 2021.

Afkoma félagsins

Heimsfaraldurinn hefur talsverð áhrif á afkomu félagsins, þar sem okkar helsta tekjulind UTmessan og annað viðburðahald hefur ekki verið með hefðbundnu sniði.

Þó ber að þakka það að þrátt fyrir ástandið hefur ekki fækkað jafn mikið í félaginu og raun ber vitni.

Reglulega yfir starfsárið höfum við svo boðið upp á fjarkynningar gegn vægu gjaldi, til að hafa aðeins upp í kostnað við streymilausnir, í bland við hefðbundnar ráðstefnur á Grand hóteli. Þátttaka hefur verið góð þrátt fyrir þessar hremmingar.

Það er um 57 % tekjusamdráttur hjá okkur vegna minni innkomu viðburða, þar munar mest um UTmessuna. Þá er líka talsvert lægri rekstrarkostnaður á móti.

Félagið skilar því talsverðu tapi á árinu. Eigin fjárstaða félagsins er hins vegar enn mjög góð og verður áfram. Þetta hefur ekki áhrif á reksturinn til framtíðar, þó gangi á sjóðina. Nú stöndum við keik og stefnum á UTmessu í maí og svo aftur á hefðbundnum tíma 2023 og vonum að við séum komin yfir erfiðasta hjallinn.

Lokaorð

Ský á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Rekur félagið nú áfram skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári, þrátt fyrir miklar áskoranir í rekstrarumhverfi okkar og viðburðahaldi.

F.h. stjórnar Ský,
Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður.